



Visindaráð Landspítala: Hans Tómas Björnsson, Sif Ormarsdóttir, Rósa Björk Barkardóttir, Ingibjörg Gunnarsdóttir, Sigurbergur Káráson, Sigurður Guðjónsson, Þórunn Scheving Elíasdóttir.  
Vantar: Marianne Elisabeth Klinke, Guðrún Kristjánsdóttir, Jóna Freysdóttir, Sigríður Zoëga, Inga Reynisdóttir og Þór Eysteinnsson.

## Visindaráð Landspítala - helstu verkefni á árinu 2021

Visindaráð Landspítala er framkvæmdastjórn til ráðgjafar um vísindastefnu og vísindastarf á spítalanum. Visindaráð hafði umsjón með auglýsingu á styrkjum, mati á innsendum umsóknum til Vísindasjóðs Landspítala og úthlutun styrkja samkvæmt reglum sjóðsins og er það ávallt stærsta verkefni ráðsins á hverju ári. Visindaráð auglýsti eftir tilnefningum til „Heiðursvísindamanns Landspítala“ og „Ungs vísindamanns Landspítala“ og hafði umsjón með vali og veitingu þeirra viðurkenninga á Landspítala. Visindaráð og starfsmaður þess hefur að venju veg og vanda af skipulagi árlegrar uppskeruhátíðar vísinda á Landspítala, Vísindum á vordögum, þar sem vísindastarf á spítalanum er kynnt starfsfólki hans, fræðimönnum og almenningi. Ráðið sá um dagskrárgerð hátíðarinnar, skipulag fundarstjórnar og veitingu verðlauna og styrkja. Ráðsmenn önnuðust yfirferð og mat á innsendum ágrípum veggspjalda fyrir hátíðina og voru þau birt í fylgiriti Læknablaðsins. Visindaráð lét einnig taka saman og greina gögn um kynjaskiptingu styrkumsókna og úthlutana frá Vísindasjóði Landspítala aftur til ársins 2008 vegna fyrirspurnar frá jafnréttisnefnd Landspítala. Starfsmaður visindaráðs sér um móttöku og greiningu umsókna til Birtingasjóðs Landspítala fyrir hönd stjórnar sjóðsins sem úthlutar styrkjunum skv. reglum hans.

### Aðalmenn:

Rósa Björk Barkardóttir, náttúrufræðingur og klínískur prófessor við Háskóla Íslands, formaður. Rannsóknarþjónusta, frumulfræði.

Sigríður Zoëga, sérfræðingur í hjúkrun og dósent við Háskóla Íslands. Skurðlækningaþjónusta, almennri göngudeild.

Ingibjörg Gunnarsdóttir, deildarstjóri og prófessor við Háskóla Íslands. Skurðlækningaþjónusta, næringarstofu.

Jóna Freysdóttir, náttúrufræðingur og prófessor við Háskóla Íslands. Rannsóknarþjónusta, ónæmisfræðideild.

Marianne Elisabeth Klinke, forstöðumaður fræðasviðs og dósent við Háskóla Íslands. Skrifstofu meðferðarsviðs, kennslu- og rannsóknardeild.

Sigurður Guðjónsson, sérfræðilæknir og lektor við Háskóla Íslands. Skurðlækningaþjónusta, þvagafraskurðlækningum.

Hans Tómas Björnsson, yfirlæknir og prófessor við Háskóla Íslands. Rannsóknarþjónusta, erfða- og sameindalæknisfræðideild.

Sigurbergur Káráson, yfirlæknir og prófessor við Háskóla Íslands. Skurðstofum og gjörgæslu, svæfinga- og gjörgæslulækningum.

Guðrún Kristjánsdóttir, forstöðumaður fræðasviðs og prófessor við Háskóla Íslands. Kvenna- og barnaþjónusta.

Sif Ormarsdóttir sérfræðilæknir. Lyflækninga- og endurhæfingarþjónusta, meltingarlækningum.

### Starfandi varamenn:

Þórunn Scheving Elíasdóttir, forstöðumaður fræðasviðs og dósent við Háskóla Íslands. Skurðstofum og gjörgæslu, svæfingu. Starfandi varamaður í tímabundinni fjarveru Guðrúnar Kristjánsdóttur á árinu.

Inga Reynisdóttir, náttúrufræðingur og klínískur prófessor við Háskóla Íslands, varamaður kallaður til vegna undirbúnings mats á styrkumsóknum.

Þór Eysteinnsson, náttúrufræðingur og prófessor við Háskóla Íslands, varamaður kallaður til vegna undirbúnings mats á styrkumsóknum.

Visindaráð Landspítala er skipað 10 aðalmönnum og 10 varamönnum til fjögurra ára í senn.

### Starfsmaður visindaráðs:

Valgerður Margrét Backman náttúrufræðingur. Framkvæmdastjóri hjúkrunar og lækninga, vísindadeild.



Magnús Gottfredsson, yfirlæknir vísindadeildar Landspítala og prófessor við læknadeild Háskóla Íslands.

## Efla þarf vísindin - það er augljóst!

Árið 2021 hélt kórónuveiran áfram að gera heimsbyggðinni lífið leitt, starfsmenn og skjólstæðingar Landspítala fóru ekki varhluta af því. Fyrri hluti árs einkenndist af talsverðum takmörkunum meðan verið var að verja viðkvæma hópa og bólusetja landsmenn. Um mitt ár var takmörkunum aflétt við nokkurn fögnuð. Hann reyndist skammvinnur því að fljótlega hófst ný smitbylgja sem herjaði mjög á landsmenn, einkum með tilkomu ómikrón-afbrigða veirunnar. Heimsfaraldirin hefur því haldið áfram að reyna á þórlífin. Eitt af því sem getur takmarkað getu sjúkrahúsa til að bregðast við óvæntu álagi er skortur á starfsfólki og of mikil rúmanýting en þeir kvillar hafa sett sitt mark á þjóðarsjúkrahúsið. Við aðstæður eins og ríktu árið 2021 geta slík vandamál bitnað á öðrum mikilvægum verkefnum. Nýkomin skýrsla sem unnin var að beiðni heilbrigðisyfirvalda af alþjóðlega ráðgjafarfirmakerfinu McKinsey fjallar um framtíðarþróun þjónustu Landspítala. Sérstakur kafli er helgaður vísindastarfi, umgjörð þess og stuðningi við það á spítalanum undanfarin ár auk þess sem gerður er samanburður við erlend háskólasjúkrahús. Þetta er mikilvægt því í heilbrigðisstefnu til ársins 2030 kemur fram „að læknisfræðilegar rannsóknir eigi að vera sambærilegar að gæðum og umfangi við rannsóknir annars staðar og að heilbrigðisstarfsfólk skuli eiga kost á að stunda rannsóknir“, eins og segir í skýrslunni. Niðurstöður ráðgjafanna eru afráttarlausar: Framlag til vísindastarfs og stuðningur við það er í skötulíki og langt undir þeim markmiðum sem sett hafa verið. Aðeins 1,3% af rekstrarútgjöldum Landspítala renna til vísindastarfs en þar af eru 0,4% fjármögnuð af ytri aðilum. Á sama tíma renna 3,1% af rekstrarútgjöldum Sahlgrenska sjúkrahússins, 8,8% af útgjöldum Háskólasjúkrahússins í Osló og 8,1% af útgjöldum dæmigerðra bandarískra háskólasjúkrahúsa til vísindastarfs! Í skýrslunni er einnig bent á að rannsóknir margborgi sig, bein ávöxtun geti numið allt að 25% sem telst frábært. Reyndar er erfitt að finna fjárfestingarkosti sem gefa

betri ávöxtun! Mikilvægast er þó að gæði þjónustu við sjúklinga batna og auðveldara er að laða að og halda í gott starfsfólk á sjúkrahúsum þar sem hlúð er að vísindastarfi. Það má því velta fyrir sér hversu mikil tækifæri fari forgörðum þegar sannfæringuna fyrir þessu skortir og tækifæri til að gera betur eru ekki nýtt.

Á árinu 2021 hélt birtingum vísindagreina með aðild starfsmanna spítalans áfram að fækka (mynd 1). Það er sérstakt áhyggjuefni. Einnig benda tölurnar til að hlutfall greina þar sem fyrsti eða síðasti höfundur er starfsmaður spítalans fari lækkanði. Aðrar tölur um vísindastarf, fjölda nema, styrkja og leyfa frá síðanefndum má sjá á myndum 2-4.


Ýmislegt hefur þó gengið okkur í haginn. Á árinu 2019 var tekin ákvörðun um að stofna sérstakan birtingasjóð fyrir andvirdi hlutabréfa sem spítalinn seldi í sprotafyrirtækinu Oculis en fyrirtækið stofnuðu Einar Stefánsson, yfirlæknir og prófessor, og Þorsteinn Loftsson, prófessor í lyfjafæði. „Birtingasjóður Landspítala“ tók til starfa á árinu 2021 og voru þá fyrstu greiðslur úr honum til rannsakenda. Markmiðið er að styðja við rannsakendur á spítalanum sem birta vísindagreinar sem fyrsti eða síðasti höfundur í viðurkenndum vísindaritum. Vonir standa til að sjóðurinn verði eflur og fái móttframlag frá spítalanum þegar fram líða stundir. Einnig er ánægjulegt að á árinu 2021 var hafist handa við innleiðingu sérhæfðs upplýsingakerfis á landsvísi, sem er mikilvægt tæki til að halda utan um allar þær upplýsingar sem myndast í kringum rannsóknir. Kerfið hefur fengið heitið IRIS og er stýrt frá Landsbókasafni – Háskólabókasafni en Landspítali á aðild að því ásamt háskólum landsins. Vonir standa til að með innleiðslu kerfisins verði mun auðveldara að fylgjast með og greina upplýsingar sem snúa að rannsóknum og nýsköpun á spítalanum.

Til að unnt sé að halda uppi þróttmikilli starfsemi háskólasjúkrahúss er fjármagn og hæft starfsfólk frumforsenda. Við höfum enn mikinn og góðan mannauð sem því miður fær ekki nægjanlegt svigrúm til að nýta menntun sína, tengslanet og frumkvæði til rannsókna og nýsköpunar. Aukin fjárfesting í þessum málaflokki er skynsamleg til framtíðar sem allir virðast vera sammála um. Sá stuðningur má ekki bara vera í orði. Skýra framtíðarsýn þarf til sem og sérgreint fjármagn til að uppskeran verði eins og efni standa til. Vonandi tekst að efla vísindastarfið með bættri fjármögnun á árinu 2022 í samræmi við ráðleggingar McKinsey. Þannig hrindum við bæði vísindastefnu spítalans og heilbrigðisstefnu stjórnvalda í framkvæmd og færumst nær þeim löndum sem við berum okkur gjarna saman við. Við megum engan tíma missa.

Mynd 1

### Ritryndar greinar starfsmanna Landspítala árin 2016-2021


■ Ritryndar greinar - erl. ■ Ritryndar greinar - ísl.



Mynd 2

### Vísindastyrkir starfsmanna Landspítala árin 2016-2021


■ Íslenskir ■ Erlendir ■ Vísindasjóður Landspítala



Mynd 3

### Fjöldi doktors- og meistaranema árin 2016-2021

■ Doktorsnemar ■ Meistaraneimar




Taflan sýnir fjölda doktors- og meistaranema árin 2016-2021 sem tengjast Landspítali í námi sínu á beinan eða óbeinan hátt, ýmist sem starfsmenn spítalans eða að þeir njóti leidsagnar starfsmanna eða nýti gögn gögn hans. Nemarnir stunda nám við íslenska og erlenda háskóla.

Mynd 4

### Fjöldi nýrra leyfa til rannsókna 2016-2021

■ Síðanefnd Landspítala ■ Vísindasíðanefnd ■ Síðanefnd stjórnsýslurannsókna



## Heiðursvísindamaður Landspítala 2021

Gunnar Guðmundsson var valinn heiðursvísindamaður Landspítala 2021 (Distinguished Scientific Contribution Award 2021) fyrir framúrskarandi framlag til vísinda á ferli sínum. Hann er sérfræðingur í lungnalækningum við lyflækninga- og endurhæfingarþjónustu Landspítala og hefur starfað við lungnadeild frá 1998. Gunnar, sem er prófessor við læknadeild Háskóla Íslands, hefur komið að félags- og nefndarstörfum hjá alþjóðlegum lungnasamtökum og verið formaður Félags íslenskra lungnalækna.

Gunnar lauk kandiðatsprófi frá læknadeild HÍ 1988 og doktorsprófi þaðan 2000. Hann var við University of Iowa Hospitals and Clinics í Bandaríkjunum um sjö ára skeið og lauk sérfræðinámi í lyflækningum, lungna- og gjörgæslulækningum. Hann hefur lokið bandarískum sérfræðiprófum í lyflækningum, lungna- og gjörgæslulækningum og hefur sömu sérfræðiviðurkenningu hérlendis.

Helsta áhugasvið Gunnars í vísindarannsóknum snýr að lungnasjúkdómum. Hann hefur unnið með Hjartavernd að rannsóknum á millivefslungnabreytingum sem geta verið forstíga lungnatrefjunar og hafa niðurstöður rannsókna vakið mikla athygli,

birst í virtum tímaritum og aukið skilning á tilurð og framþróun lungnatrefjunar. Gunnar undirbýr frekari rannsóknir á millivefslungnabreytingum, m.a. með notkun sjálfvirks úrlesturs til greiningar. Þá hefur Gunnar unnið með alþjóðlegum rannsóknarhópum að rannsóknum á erfðafraeði lungnatrefjunar. Rannsóknirnar hafa m.a. sýnt fram á mikilvægi stökkbreytinga í genum sem hafa með slímframleiðslu að gera í meingerð lungnatrefjunar. Uppgötvannir hafa leitt til grundvallarbreytinga á hugmyndum um tilurð lungnatrefjunar og leitt af sér nýja nálgun í áhættumati og meðferð slíka sjúkdóma. Einnig hefur Gunnar unnið að klínískum rannsóknum á langvinni lungnateppu. Nefna má samstarfsverkefni með norrænum háskólasjúkrahúsum sem varpaði ljósi á samverkan annarra sjúkdóma með langvinni lungnateppu.



Gunnar Guðmundsson heiðursvísindamaður Landspítala 2021

## Ungur vísindamaður ársins 2021

Elias Sæbjörn Eypórsson sérnámslæknir var valinn ungur vísindamaður Landspítala 2021 (Young Scientist Award 2021) fyrir athyglisverðan og góðan árangur á sviði vísindarannsókna.

Elias Sæbjörn Eypórsson lauk stúdentsprófi frá náttúrufræðibraut Menntaskólans í Reykjavík árið 2009. Hann hlaut bakkalágráðu í læknisfræði frá Háskóla Íslands árið 2012 og lauk embættisprófi í læknisfræði frá sama skóla árið 2016. Að loknu kandiðatsári hóf hann sérnám í almennum lyflækningum og skipti svo yfir í sérnám í svæfinga- og gjörgæslulækningum árið 2021.

Árið 2013 hóf Elias doktorsnám í líf- og læknisvísindum samhliða námi í læknisfræði. Leiðbeinandi var Ásgeir Haraldsson, prófessor í barnalæknisfræði. Doktorsverkefnið fjallaði um lýðgrunduð áhrif ungbarnabólusetningar gegn bakteríu Streptococcus pneumoniae. Algengustu birtingarmyndir pneumókokkasykingar eru miðeyrnabólgur og lungnabólgur en hún veldur einnig heilahimnubólgu og blóðsykingum. Árið 2011 var byrjað að nota samtengt pneumókokkabóluefni við ungbarnabólusetningar á Íslandi. Rannsóknir Elíasar leiddu meðal annars í ljós að

eftir bólusetningarnar dró töluverð úr tíðni miðeyrnabólgu, lungnabólgu og ifarandi pneumókokkasykingum hjá bæði bólusetnum börnum og óbólusetnum börnum og fullorðnum vegna hjarðónæmis. Kostnaðarmyrtjagreining gaf til kynna að fyrir hverja krónu sem fjárfest var í bóluefninu fengust tvær til baka vegna sparnaðar með færri spítalalegum og minna vinnutapi.

Elias hefur birt á annan tug vísindageirna í erlendum vísindatímaritum og kynnt rannsóknir sínar á fjölmörgum ráðstefnum innan lands og utan. Hann vinnur nú að rannsóknum á Covid-19 undir handleiðslu Runólfs Pálssonar og Martins Inga Sigurðssonar, prófessora við læknadeild Háskóla Íslands, og var fyrsti höfundur að grein um einkennamynstur Covid-19 sem birtist í British Medical Journal í desember 2020.



Elias Sæbjörn Eypórsson, ungur vísindamaður Landspítala 2021



Páll Matthíasson forstjóri afhenti styrki Vísindasjóðs Landspítala og flutti ávarp.

## Úthlutun rannsóknarstyrkja Vísindasjóðs Landspítala 2021

Vísindasjóður Landspítala úthlutaði styrkjum til 74 rannsóknarverkefna vorið 2021, þar af fengu 46 ný verkefni styrk. Heildarupphæð styrkja nam um 83 milljónum króna og nemur meðalstyrkur rúmlega 1 milljón króna.

Úthlutun styrkja var með rafrænum hætti. Páll Matthíasson, forstjóri Landspítala og formaður stjórnar Vísindasjóðs Landspítala, afhenti styrkina formlega með ávarpi á Vísindum á vordögum.

[Styrkhafar Vísindasjóðs Landspítala vorið 2021](#)



Arsalan Amirfallah, Auður A. Aradóttir Pind og Telma Huld Ragnarsdóttir fengu veggspjaldaverðlaun.

## Verðlaunaágrip á vordögum

Þrjú bestu ágríp veggspjalda á Vísindum á vordögum, uppskeruhátíð vísindastarfs á Landspítala, voru verðlaunuð sérstaklega. Verðlaunin voru 100 þúsund krónur í formi kynningar/ferðastyrks vegna verkefnanna sem veggspjöldin voru um. Verðlaunaágrip voru valin úr 28 innsendum ágrípum vísindarannsókna árið 2021. Vísindaráð Landspítala hafði veg og vanda af mati ágripa sem bárust og vali á verðlaunahöfum.

### Veggspjöld verðlaunahafa:

**Arsalan Amirfallah:** Hsa-miR-21-3p er áhrifagen í brjóstakrabbameini

**Auður A. Aradóttir Pind:** Tjáning á APRIL, lífunarboði plasmafrumna, er takmörkuð í beinmerg nýburamúsa

**Telma Huld Ragnarsdóttir:** Bráður nýrnaskaði á bráðamóttöku: framsýn, tilfellamiðuð rannsókn

[Sjá hér öll veggspjöldin á Vísindum á vordögum 2021](#), þar meðal þau sem fengu verðlaun

[Ítarefni um verðlaunahafana](#)



Styrkhafar Vísindasjóðs Landspítala sem hlutu styrk til klínískra rannsókna á spítalanum.

## Ungir vísindamenn styrktir til klínískra rannsókna

Vísindasjóður Landspítala veitti 9 ungum starfsmönnum spítalans styrki til klínískra rannsókna á árinu 2021, að upphæð allt að 1,5 milljónum króna.

**Aron Hjalti Björnsson** sérnámslæknir, lyflækninga- og bráðþjónusta. Tíðni sýkinga hjá einstaklingum sem síðar greinast með iktsýki.

**Meðumsækjandi:** Þorvarður Löve sérfræðilæknir, sviði hjúkrunar og lækninga og prófessor við Háskóla Íslands.

**Samstarfsaðili:** Björn Guðbjörnsson sérfræðilæknir, lyflækninga- og bráðþjónusta og prófessor við Háskóla Íslands.

**Berglind Árnadóttir** sérnámslæknir, lyflækninga- og endurhæfingarþjónusta. Sarklíki á Íslandi. Ættlægni, vefjaflokkun og meðferðarárangur.

**Meðumsækjandi:** Björn Guðbjörnsson sérfræðilæknir, lyflækninga- og bráðþjónusta og prófessor við Háskóla Íslands.

**Samstarfsaðili:** Sigríður Ólína Haraldsdóttir sérfræðilæknir, lyflækninga- og bráðþjónusta.

**Birta Bæringsdóttir** kandidateit, kvenna- og barnaþjónusta.

**Meðumsækjandi:** Valtýr Thors sérfræðilæknir, kvenna- og barnaþjónusta. Útsetning fyrir sýklalyfjum snemma á ævinni og síðkomin áhrif á heilsu barna.

**Samstarfsaðilar:** Asgeir Haraldsson yfirlæknir, kvenna- og barnaþjónusta og prófessor við Háskóla Íslands og Birgir Hrafnkelsson, prófessor við Háskóla Íslands.

**Elsa Ruth Gylfadóttir** ljósmóðir, kvenna- og barnaþjónusta. Upplifun kvenna af ytri ómskoðunum í stað hefðbundinna innri þreifinga við mat á framgangi fæðingar. Mat á möguleikum þess að ljósmæður noti ómskoðanir við mat á framgangi í fæðingum í framtíðinni.

**Meðumsækjandi:** Valgerður Lísa Sigurðardóttir sérfræðiljósmóðir, kvenna- og barnaþjónusta.

**Samstarfsaðili:** Hulda Hjartardóttir yfirlæknir, kvenna- og barnaþjónusta.

**Erla Svansdóttir** sálfræðingur, geðþjónusta. Líðan og bati eftir kransæðavíkkun: Áhrif sálfræðilegra þátta á endurhæfingu.

**Meðumsækjandi:** Berglind Guðmundsdóttir yfirsálfræðingur, geðþjónusta og prófessor við Háskóla Íslands.

**Aðrir samstarfsaðilar:** Jón Friðrik Sigurðsson, prófessor við Háskólann í Reykjavík og Torfí Mór Jónsson, MSc nemi við Háskólann í Reykjavík.

## Merking greina

Vísindavirkni Landspítala verður sýnilegri með rétttri merkingu og skráningu greina og auðveldar leit í gagnagrunnum. Landspítali - The National University Hospital of Iceland er heiti spítalans á ensku og þannig ber að merkja vísindagreinar. Stundum merkja höfundar greinar sínar einungis Háskóla Íslands eða jafnvel hvorugri stofnuninni. Þar sem það á við á að merkja greinar sínar báðum stofnunum, t.d. Faculty of Medicine, University of Iceland, Reykjavík, Iceland and Landspítali - The National University Hospital of Iceland.

## Opinn aðgangur

Starfsmenn eru eindregið hvattir til að birta greinar sínar í opnum aðgangi. Það eykur mjög lestur greinanna og tilvísanir í þær. Einnig flýtur það útbreiðslu þekkingarinnar og vísindavirkni Landspítala verður sýnilegri.

**Erna Hinriksdóttir** sérnámslæknir, geðþjónusta. Nýgengi og algengi geðklofa og annarra geðfrosjúkdóma á Íslandi.

**Meðumsækjandi:** Halldóra Jónsdóttir yfirlæknir, geðþjónusta.

**Aðrir samstarfsaðilar:** Magnús Haraldsson sérfræðilæknir, geðþjónusta, Oddur Ingimarsson sérfræðilæknir, geðþjónusta, Engilbert Sigurðsson yfirlæknir, geðþjónusta og prófessor við Háskóla Íslands og James MacCabe, prófessor við Institute of Psychiatry, King 's College, London.

**Gísli Þór Axelsson** sérnámslæknir, lyflækninga- og bráðþjónusta. Próteinlífvisar millivefslungnabreytinga og möguleg orsakatengsl við millivefslungnasjúkdóma.

**Meðumsækjandi:** Gunnar Guðmundsson sérfræðilæknir, lyflækninga- og bráðþjónusta og prófessor við Háskóla Íslands.

**Aðrir samstarfsaðilar:** Vilundur Guðnason yfirlæknir, Hjartavernd og prófessor við Háskóla Íslands og Thor Aspelund, prófessor við Háskóla Íslands.

**Sæmundur Rögnvaldsson** sérnámslæknir, lyflækninga- og bráðþjónusta.

Fyrstu niðurstöður úr rannsókninni Blóðskimun til bjargar.

**Meðumsækjandi:** Sigurður Ingi Kristinsson sérfræðilæknir, krabbameinsþjónusta og prófessor við Háskóla Íslands.

**Ýmir Óskarsson** sérnámslæknir, kvenna- og barnaþjónusta. Ónæmissvar barna eftir krabbameinsmeðferð - ónæmissvörum við influensubólusetningu hjá börnum eftir krabbameinslyfjameðferð við bráðahvítblæði (ALL).

**Meðumsækjendur:** Asgeir Haraldsson yfirlæknir, kvenna- og barnaþjónusta og prófessor við Háskóla Íslands og Valtýr Thors sérfræðilæknir, kvenna- og barnaþjónusta.

**Aðrir samstarfsaðilar:** Siggeir Brynjólfsson náttúrufræðingur, rannsóknarþjónusta, Ólafur Gísli Jónsson sérfræðilæknir, kvenna- og barnaþjónusta, VisMederi laboratory, Siena, Ítalíu, og The Public Health England (PHE) National Infection Service's Virus Reference Department (VRD), London.



Árni Kristinsson, Hans Tómas Björnsson og Þóroddur Harðarson

## Verðlaun í læknisfræði og skyldum greinum

Hans Tómas Björnsson, prófessor við læknaeild Háskóla Íslands og yfirlæknir á Landspítala, hlaut árið 2021 verðlaun úr Verðlaunasjóði Þóroddur Harðarsonar og Árna Kristinssonar í læknisfræði og skyldum greinum. Verðlaunasjóðinn stofnuðu Árni og Þóroddur árið 1986 en þeir eru heiðursprófessorar við Háskóla Íslands og fyrrverandi yfirlæknar við Landspítala. Verðlaunin námu sex milljónum króna og eru með stærstu verðlaunum sem veitt eru fyrir vísindastörf hér á landi.

[Nánar](#)